ÞJÓÐVILJINN

Fimmtudagur 4. september 1975 — 40. árg. 199. tbl.

Munið að taka kvittanir

Ástæða er til að minna fólk enn einu sinni á, að taka kvittanir fyrir tannviðgerðum, svo þeir sem rétt eiga á, fái viðgerðarkostnaðinn greiddan hjá sjúkrasamlögum.

Til þess enn einu sinni að ryfja það upp hverjir eigi rétt á ókeypis tannviðgerðum eða rétt á að fá helming kostnaðarins endurgreiddan, fór blaðið þess á leit við Guðrúnu Helgadóttur, að hún skýrði lesendum frá því.

Sagði hún, að börn á aldrinum 6—15 ára fengju tannviðgerðarkostnað að fullu greiddan og gilti það frá 1sta september 1974.

Helming kostnaðar við tannviðgerðir fá börn á aldrinum 3ja til 5 ára greiddan, svo og 16 ára unglingar. Sama gildir um ellilífeyrisþega (alla þá sem eldri eru en 67 ára) örorkulífeyrisþega og vanfærar konur. Fyrir þennan hóp er þó ekki greiddur kostnaður við gullfyllingu, krónu- eða brúargerðir.

Fólki með börn, sem þurfa tannlæknis við, ber ævinlega að leita til skólatannlæknis sé hann finnanlegur í viðkomandi byggðarlagi. Þá ber fólki að athuga hvort viðkomandi tannlæknir hefur samið við Tryggingastofnunina, en það hafa flestir tannlæknar gert, en samningur milli þeirra og Tryggingarstofnunarinnar er forsenda fyrir því að viðgerðarkostnaðurinn fáist endurgreiddur. Sérfræðingar um tannréttingar og starfsmenn þeirra hafa ekki samið við Tryggingarstofnunina og fæst því vinna þeirra ekki endurgreidd, en hins vegar fæst endurgreidd tannréttingavinna, sem unnin er af þeim tannlæknum, sem undirritað hafa samning við Tryggingarstofnunina.

Rétt er að taka fram, að sjúkrasamlagið greiðir einnig helming af kostnaði við gervitennur til handa ellilífeyrisþegum.

Reikningar vegna tannviðgerða eru endurgreiddir fólki hjá sjúkrasamlögum. Séu sjúkrasamlög ekki með kontóra sjá skrifstofur sveitarstjórnanna um endurgreiðslur.


Fólk, sem þarf að fá endurgreiddan tannviðgerðarkostnað barna sinna skal framvísa sjúkrasamlagsskírteini ásamt reikningi frá tannlækni við endurgreiðslu.

Ellilífeyrisþegar framvísi nafnskírteini og reikningi þegar þeir vilja fá tannviðgerðarkostnað endurgreiddan.

Öryrkjar þurfa að snúa sér til lífeyrisdeildar Tryggingarstofnunarinnar eða tryggingarumboða og fá þar til gert skírteini, sem þeir framvísa ásamt reikningi er þeir vilja fá viðgerðarkostnaðinn endurgreiddann.

Vanfærar konur eiga að framvísa læknisvottorði um vanfærni sína.

Komi kona með reikning fyrir tannviðgerð, sem framkvæmd var meðan hún ekki gekk með þunga sinn, eftir að hún hefur alið barn, þarf hún að hafa með sér fæðingarvottorð barnsins —úþ



LJÓS '75

Í gær var opnuð að Kjarvalsstöðum ljósmyndasýningin LJÓS '75. Það eru þremenningarnir Gunnar S. Guðmundsson, Kjartan B. Kristjánsson og Pétur Þ. Maack sem þarna sýna í þriðja sinn ljósmyndir sínar, en að auki sýnir Mats Wibe Lund litmyndir sem sérlegur gestur sýningarinnar.

Næstkomandi sunnudag mun Þjóðviljinn gera sýningu fjórmenninganna betri skil og birta þá nokkrar myndir þaðan. Myndin hér að ofan er af ljósmyndurunum fjórum, en þar sem Pétur Þ. Maack er í útlöndum um þessar mundir stilltu hinir ljósmyndararnir sér upp við ljósmynd af þessum fjarstadda félaga sínum. Þeir eru talið frá vinstri Mats Wibe Lund, Pétur Þ. Maack, Kjartan B. Kristjánsson og Gunnar S. Guðmundsson. (Mynd: Haukur Már)

Skólarnir að hefjast

Nær 15.000 nemendur

við barna- og unglingaskóla Reykjavíkur

Í dag hefja barnaskólar borgarinnar vetrarstarf sitt. Þá mæta börn á aldrinum 6—12 ára til leiks en unglingarnir á mánudaginn.

Kristján Gunnarsson fræðslustjóri í Reykjavík sagði okkur að samkvæmt áætlunartölum myndu 1157 sex ára börn hefja nám í vetur, börn á aldrinum 7—12 ára verða 8226 og í gagnfræðaskólum, þe. í 1.—4. bekk, 5260 unglingar. Samtals munu því 14.643 nemendur setjast á skólabekk í Reykjavík en sú tala á etv eftir að hækka eitthvað. Alls verða í vetur starfræktir 23 barna- og unglingaskólar í borginni. Fjölgar þeim um einn. Ödluselsskóla í Seljahverfi í Breiðholti. Í vetur verður starfsemi hans í sex færanlegum kennslustofum því skólahúsið er ekki risið. Að sögn Kristjáns er búið að teikna skólahúsið en engin von um að framkvæmdir hefjist fyrr en á næsta ári því fjárveiting er ekki fyrir hendi. Kvað hann brýna þörf vera á að koma skólanum upp fyrir næsta haust.

Kristján sagði að húsnæðisleysi þjáði skólana ekki tilfinnanlega í vetur. Að vísu hefst fjölbrautarskólinn ekki fyrr en 1. október því húsið verður ekki tilbúið fyrr. Eins varð nokkur seinkun á byggingu neðstu hæðar Hólabrekkuskóla og smávegis mun

Framhald á bls. 10.

Ólíkt hafast þeir að

Vinstri stjórn:

Á árum vinstri stjórnarinnar, tímabilinu frá júlí 1971 — apríl 1974 hækkuðu greiðslur lífeyris frá almannatryggingunum til þeirra sem hafa litlar eða engar aðrar tekjur og njóta því tekjutryggingar úr kr. 4.900,— á mánuði hjá einstaklingum í kr. 18.886,—.

Þessi hækkun nemur 285%. Á sama tíma hækkaði verðlag í landinu aðeins um 58% alls samkvæmt framfærsluvísitölu.

Þetta þýðir, að á fyrrgreindu tímabili óx kaupmáttur, eða raungildi lífeyris tekjulágs aldraðs fólks og öryrkja um yfir 100%, — meira en tvöfaldaðist.

Hægri stjórn:

Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hækkaði allt verðlag í landinu samkvæmt framfærsluvísitölu um 55% á einu ári frá 1. ágúst 1974 — 1. ágúst 1975. Á sama tíma hefur sá elli- og örorkulífeyrir, sem hinir verst settu þegnar þjóðfélagsins hafa fengið greiddan ekki hækkað um fimmfalt hærri prósenttölu, eins og í tíð vinstri stjórnarinnar, heldur aðeins um 36% meðan verðhækkanirnar námu 55% til jafnaðar, — hjá hjónum úr kr. 33.994,— í kr. 46.057,—.

Þannig hefur kaupmáttur lífeyrisins, raungildi hans verið stórlega skert á nýjan leik.

SJÁ LEIÐARA Á 4. SÍÐU Í DAG

Ódýra nautakjötið rennur út:

Kjöt verður að verka á kjötiðnaðarstöðum

Bannað að verka kjöt í heimahúsum fyrir Pétur og Pál — mikill vandi að tvífrysta kjöt

„Það er full ástæða til þess að brýna fyrir fólki að fara varlega með þetta kjöt og þá einkum að láta ekki hvern sem er vinna úr þessu. Það er óleyfilegt að taka kjöt heim og úrbeina fyrir Pétur og Pál. Það þarf sérstakt leyfi og kjötið þarf að vinna á viðurkenndum kjötiðnaðarstöðum. Ég á von á því að embættið muni líta betur á þessi mál núna alveg á næstunni," sagði Magnús Ólafsson hjá Heilbrigðiseftirlitinu, er við ræddum við hann, en sem kunnugt er hefur fólk undanfarið átt kost á að kaupa nautskrokka eða hluta úr þeim á 45% lægra verði en almennt gerist. Fjöldi manns taka að sér að verka kjötið, sumir í heimahúsum.

Hluti af þessu kjöti hefur þegar verið í frysti í allt að ár og við afþíðingu verður að gæta mikillar varúðar eigi að frysta kjötið aftur. Kjötið missir mikið af næringarefnum sínum, en nauðsynlegt er að láta það þíðna hægt og helst að láta það ekki verða alveg þítt. Síðan þarf að frysta það strax aftur og ekki er talið æskilegt að geyma það lengi eftir tvífrystingu. Magnús benti á möguleika á því að gerlar kæmust upp þegar verið væri að vinna kjötið í heimahúsum og færu í önnur matvæli. Ákaflega erfitt er að fylgjast með framkvæmd þessa heimaiðnaðar og vinnslu úr kjöti hingað og þangað um bæinn, en fólk er minnt á að fara gætilega með kjöt og láta verka það í kulda á viðurkenndum kjötvinnslustöðum.

Vigfús Tómasson sölustjóri hjá

Framhald á bls. 10



LÆKKUN BYGGINGA-KOSTNAÐAR

Þessi mynd var tekin af byggingarframkvæmdum í Breiðholti í Reykjavík í gær. Við minnum á viðtal við Harald V. Haraldsson, arkitekt, forstöðumann tæknideildar Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Sjá 6. síðu